



Minnisblað

Dagsetning: 5. janúar 2022
Höfundur: Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462/0.1.0

Enfi: Aðgerðir á landamærum Íslands vegna mögulegra áhrifa COVID-19 útbreiðslu í Kína á faraldsfræðilegt ástand í Evrópu.

Viðbrögð kínverskra stjórnvalda við COVID-19 faraldrinum 2020–2022 einkenndust af miklum höftum til að hindra útbreiðslu veirunnar og innkomu nýrra afbrigða með víðtækum takmörkunum á ferðalögum en minni áherslu á örvunarbólusetningar eða notkun nýstárlegra bóluefna miðað við Evrópu. Breytt stefna á seinni hluta árs 2022 þar sem létt var á takmörkunum innanlands leiddi til stórrar bylgju COVID-19 smita í landinu. Áreiðanlegar upplýsingar um fjölda COVID-19 tilfella, innlagnir á sjúkrahús og dauðsföll í Kína eru þó af skörnum skammti. Búist er við miklum fjölda COVID-19 sýkinga þar á næstu vikum vegna lítils ónæmis íbúanna og tilslökunar á höftum innanlands. Kínverjar hafa einnig gefið út að slakað verði á ferðatakmarkunum þann 8. janúar nk. Kína hefur lýst yfir að þeir muni krefjast neikvæðs prófs af farþegum sem þangað koma. Vegna væntinga um mikla aukningu ferðamanna frá Kína í ljósi ástands þar hófu nokkur lönd í Evrópu, auk nokkurra annarra landa utan Evrópu, aðgerðir á sínum landamærum sem beinast sérstaklega að ferðamönnum frá Kína. Í kjölfarið var boðað til funda í heilbrigðisöryggisnefnd framkvæmdastjórnar ESB (Health Security Committee, HSC). Skv. reglugerð um alvarlega heilsuvá yfir landamæri nr. 2022/2371 frá 26. desember, 21. gr., skulu aðildarríki hafa samráð sín á milli og innan HSC við slíkar aðstæður. Fundir voru haldnir í HSC með þátttöku allra ESB/EES-ríkja þann 29. desember 2022 og aftur 3. janúar 2023. Niðurstaða þeirra funda var að HSC lagði fram álit um samræmdar aðgerðir í skrefum með það markmið að greina hugsanlegt nýtt afbrigði SARS-CoV-2 eins fljótt og auðið er. Tillagan skyldi svo fara fyrir fund neyðarráðs ESB (IPCR) þann 4. janúar 2023. Staðfest var á þeim fundi að ályktun hans væri til að samræma nálgun landa og væri ekki bindandi. Niðurstaða tilmæla þessa fundar voru í samræmi við punkta hér á eftir³.

Undanfarnar vikur hefur Kína sent upplýsingar um afbrigði SARS-CoV-2 sem þar finnast í alþjóðlegan gagnabanka GISAID í meiri mæli en áður. Ekkert nýstárlegt afbrigði hefur komið fram í þessum gögnum, heldur ýmis ómikron afbrigði sem eru nú þegar í umferð innan Evrópu og eru sem slík ekki ógn fyrir frekari veikindi í Evrópu að mati Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC). Að auki hafa íbúar í Evrópu innan ESB og EES tiltölulega háa tíðni fyrri sýkinga og bólusetninga, sem veitir vörn gegn alvarlegum veikindum, jafnvel þegar ný afbrigði koma fram. Sjá einnig frétt ECDC þann 3. janúar 2023 um COVID-19 stöðuna í Kína og mat þeirra að aukning tilfella í Kína muni ekki hafa áhrif á faraldsfræðilegt ástand COVID-19 í Evrópu miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Mat ECDC¹ er að tímabundnar ferðatakmarkanir geti átt rétt á sér í byrjun nýs faraldurs eða vegna nýs afbrigðis en slíkt eigi ekki við um ástandið í Kína nú. Slíkar aðgerðir geti seinkað innkomu nýs afbrigðis en ekki stöðvað.

Árið 2019 komu hingað um tíu þúsund manns á mánuði frá Kína frá janúar til mars skv. upplýsingum Ferðamálastofu. En þeirra mat nú er að ferðamenn þaðan verði færri í vetur, bæði vegna erfiðleika með tengiflug gegnum Evrópu tengt stríði í Úkraínu og eins að afléttingar á ferðatakmarkunum í Kína voru aðeins nýlega kynntar sem mun leiða til að ferðum seinkar þangað til síðar á árinu.

Engin bein flug eru frá Kína til Íslands. Ferðamenn þaðan munu því alltaf koma um önnur lönd til Íslands. Reynsla okkar í COVID-19 faraldri leiddi í ljós að það er flókið og oft ómögulegt að fá öruggar upplýsingar um í hvaða landi ferðalag hófst.

Aðgerðir sem mælt er með af stjórnvöldum á Evrópuvettvangi:

- Mæla með notkun veirumaska í flugi milli ESB/EES svæðis og Kína; leiðbeiningar um persónulegar sóttvarnir og heilsufarsaðgerðir verði gefnar til farþega og starfsfólks flugvalla/flugfélaga.
- Farþegar frá Kína framvísi neikvæðu COVID-19 prófi tekið innan við 48 klst fyrir brottför.
- Prófun á slembiúrtaki ferðamanna frá Kína og raðgreining jákvæðra sýna.
- Skimun á skólpi frá flugvélum og á alþjóðaflugvöllum með farþegaflug frá Kína.
- Bæta bólusetningarstöðu, sérstaklega viðkvæmra hópa.

Mat á hugsanlegri ógn sem stafar frá Kína yfir landamærin í ljósi stöðu faraldursins á Íslandi og ESB/EES svæði:

Covid faraldur er enn í gangi hér á landi, í Evrópu og annars staðar í heiminum. Staða bólusetningar er misjöfn, einnig innan Evrópu. Staðan hérlendis er önnur nú en var í byrjun Covid faraldurs eða þegar ómíkrón bylgjan skall á síðasta vetur. Þegar faraldurinn skall á og áður en bólusetning varð almenn var þjóðin berskjölduð og áhættan mun meiri. Stærstur hluti þjóðarinnar hefur nú sýkst og meirihluti er bólusettur með örvun (þrjár sprautur). Þá hefur meirihluti eldra fólks og áhættuhópa fengið fjórðu sprautu. Heilbrigðisþjónustan hefur reynslu og kunnáttu af að meðhöndla sjúkdóminn og lyf eru til. COVID-19 smit greinast hérlendis á hverjum degi og nýgengi hefur verið nokkuð stöðugt frá í lok sumars 2022 þegar síðari stóra bylgja ómíkrón gekk yfir (sem var þó mun minni en stærsta bylgjan veturinn 2022). Þrátt fyrir viðvarandi smit og ýmis afbrigði af ómíkrón þá hefur ekki risið upp ný stór bylgja. Við getum ekki haldið smitum frá landinu þegar þau eru viðvarandi hér enn nú þegar engar takmarkanir hafa verið innanlands eða á landamærum í næstum því eitt ár. Staðan væri önnur ef smit væru fá hér og við vildum stemma stigu við að fá veiruna inn.

- Leiðbeiningar um persónulegar sóttvarnir og notkun heilbrigðisþjónustu til ferðamanna þ. á m. að íhuga notkun á veirumaska á ferðalagi, verður deift á mörgum tungumálum þ.m.t. kínversku. Sú vinna er þegar hafin í samvinnu við Ferðamálastofu.
- Framvísun neikvæðra prófa: Erfitt í framkvæmd og óljóst hver árangur yrði. Erfitt er að meta sanngildi vottorða og það krefst mannafla að lesa skjöl og er tafsamt. Að taka sérstaklega vottorð frá ferðamönnum frá Kína væri flókið í framkvæmd því engin bein flug eru hingað. Reynsla okkar áður var að ekki er hægt að vita með vissu hvar ferðalag hófst og ómögulegt að yfirheyra alla farþega sem koma til landsins. Við þyrftum að reiða okkur á forskráningu sem þyrfti þá að virkja á ný sem og möguleika á að hlaða upp skjölum. Ráða þyrfti starfsfólk til að skoða vottorð. Þá þarf að vera skýrt hvað á að gera við farþega sem hafa ekki próf eða próf er metið ógilt. Reynsla okkar áður af slíkum prófum var ekki góð en margir með neikvætt próf reyndust jákvæðir í sýnatöku á landamærum.
- Próf á landamærum við komu: Próf á ferðamönnum frá Kína sérstaklega væri flókið í framkvæmd sbr. að ofan því engin bein flug eru hingað. Mögulega væri hægt að hefja valkvæðar prófanir á slembiúrtaki allra farþega án tillits til brottfararlands, t.d. tvo eða þrjá daga í viku, til að fylgjast með afbrigðum sem koma yfir landamærin. Jákvætt próf væri raðgreint en niðurstaða gæti hugsanlega hjálpað ferðamanni sem þá færi varlegar, leitaði hugsanlega fyrir til læknis ef væri með alvarleg einkenni en fólk væri ekki sett í einangrun ef slíkar reglur eru ekki við lýði innanlands.
 - Aukin raðgreining á landamærum gæti verið gagnleg ef væri einnig gerð í öðrum löndum til að hugsanlega greina fyrir ný afbrigði frá ferðamönnum. Ef grunur væri að slíkt afbrigði væri hættulegra en þau sem eru nú ráðandi hér væri hægt að bregðast við fyrir. Varðandi raðgreiningu sérstaklega frá Kína þá er ekki beint flug hingað og þó Kína hafi ekki skilað hlutfallslega mörgum sýnum inn í alþjóðlegan gagnabanka þá skiluðu þeir samt um 750 sýnum í desember 2022³, sem er meira en við myndum gera hér á einum mánuði frá ferðamönnum frá Kína. Þau lönd í Evrópu sem eru eða munu taka sýni frá ferðamönnum sem koma með flugi

frá Kína eða taka sýni úr skólpi slíkra flugvéla og raðgreina munu væntanlega finna ný afbrigði ef þau eru til staðar.

- Vegna sýnatöku á flugvelli þyrfti að ráða starfskraft. Uppfæra þyrfti forskráningarkerfi og skilaboð til farþega sem og að virkja sms kerfi til svörunar ásamt stuðningskerfi til að sinna fyrirspurnum en öllu þessu fylgir talsvert umstang og kostnaður. Að öllu óbreyttu getur rannsóknarstofa greint um 500 Covid sýni á dag, allt að 1000 ef mikið liggur við. Til að geta greint fleiri sýni á dag þyrfti að breyta vinnufyrirkomulagi deildarinnar.
- Með núverandi raðgreiningartæki er hægt að raðgreina 170 sýni á viku hérlendis, en þá er ekki unnt að raðgreina aðrar tegundir sýkingarvalda. Til að geta raðgreint meira þyrfti að hafa yfir stórvirkara tæki að ráða en nú er.
- Sýnataka úr skólpi frá flugvélum eða flugvelli: Slíkt hefur ekki verið gert hérlendis og ávinningur óljós á þessu stigi. Engin bein flug eru frá Kína. Raðgreining á skólpi frá flugvelli gæti gefið vísbendingar um tilvist áður óþekkts afbrigðis en slík rannsókn er takmörkuð og þær upplýsingar myndu ekki nýtast beint til viðbragða hérlendis. Hins vegar er þetta áhugaverð nálgun sem gæti verið gagnleg við aðrar aðstæður til skimunar almennt og eftirlits með umfangi faraldra og vert að skoða frekar. Það krefðist þróunarvinnu ef taka ætti upp slíkar rannsóknir hér og sú vinna tæki tíma. Mögulega þyrfti að senda slík sýni utan til rannsóknar.
- Við höfum verið með opin landamæri í næstum ár og ferðamenn komu hingað í miklum mæli í sumar, einnig frá löndum þar sem smit voru í gangi. Engin mismunur hefur verið á farþegum eftir fjölda smita í brottfararlandi, innlögnum á spítala eða bólusetningarstöðu í viðkomandi landi eða hjá einstakling.


Niðurstaða:

Eins og staðan er í dag og samanber ofangreint mæla fagleg rök ekki að mínu mati með því að taka upp aðgerðir á landamærum vegna COVID-19 til að vernda lýðheilsu og ekki heldur aðgerðir sem beinast sérstaklega að farþegum með Kína sem brottfaraland. Við munum uppfæra og dreifa viðeigandi leiðbeiningum til ferðamanna. Skoða mætti sýnatöku hjá slembiúrtaki allra komufarþega í Keflavík ef vísbendingar koma fram erlendis frá um nýtt afbrigði sem fylgjast ætti með. Vissulega getur verið hagur af samræmdri nálgun á vettvangi ESB og Schengen-tengdra ríkja til að draga úr áhættu sem stafar af mismunandi ráðstöfunum á svæði án innra landamæraeftirlits en tilmæli ESB gera ráð fyrir að lönd aðlagi þau að sínum aðstæðum eins og er.

Sá möguleiki er fyrir hendi að aukinn fjöldi ferðamanna frá Kína, sem ekki hafa fengið sambærilega vörn með bólusetningum og íbúar hér, gæti leitt til aukins fjölda með alvarleg COVID-19 veikindi hérlendis, sem gæti aukið álag á heilbrigðiskerfið og ekki síst gjörgæsludeildir. Slíkar áhyggjur virðast þó eins og er meira byggðar á óvissu um upplýsingar frá Kína heldur en sannfærandi rökum að ferðamenn þaðan muni umfram aðra valda auknu álagi. Þannig tel ég ekki réttlætjanlegt að grípa til verulegra inngripa gegn ferðamönnum frá Kína nú umfram aðra ferðamenn sem hingað koma.

Með auknu eftirliti alþjóðlegra sóttvarnastofnana og WHO auk þeirra aðgerða sem Evrópulönd með beinar flugtengingar við Kína eru að vinna að er hugsanlegt að á næstu vikum komi fram upplýsingar sem gefa tilefni til að endurskoða þetta áhættumat og tillögur um aðgerðir hér.

Með kveðju,



Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir

¹<https://www.ecdc.europa.eu/en/news-events/impact-surge-china-covid-19-cases>

²<https://swedish-presidency.consilium.europa.eu/en/news/presidency-statement-on-the-coordination-of-covid-19-travel-measures/>

³<https://www.who.int/news/item/04-01-2023-tag-ve-statement-on-the-3rd-january-meeting-on-the-covid-19-situation-in-china>